

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskóga-
byggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun og deiliskipulagsbreytingu:

1. *Deiliskipulag frístundalóða í landi Brúarhvamms, Biskupstungum.*
Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir tveimur frístundalóðum 11.440 og 5.100 m² að stærð og er byggingareitur á stærra lóðinni. Heimilt er að reisa 40-80 m² frístundahús á lóðinni ásamt 10 m² geymslu. Hámarkshæð húss er 5,5 m.
Samþykkt í sveitarstjórn 4. september 2007.
2. *Breyting á deiliskipulagi Laugaráss, Langholtsvegur og Ferjuvegur (áður Auðsholtsvegur), Biskupstungum.*
Í breytingunni felst að óheimilt er að byggja íbúðarhús á Langholtsvegi nr. 1, 2, 3, 4, 5, 6 og 8 sem og á lóð nr. 3 við Ferjuveg.
Samþykkt í sveitarstjórn 4. september 2007.
3. *Breyting á deiliskipulagi á Laugarvatni, deiliskipulag gróðurhúsa- og iðnaðarlóða, Lindarskógur 5, Laugardal.*
Í breytingunni felst að lóð nr. 5 við Lindarskóg verður skipt í tvær jafnstórar 2.100 m² lóðir, nr. 5a og 5b, með tvo aðskilda byggingarreiti.
Samþykkt í sveitarstjórn 4. september 2007.
4. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í Neðri-Dal, Biskupstungum.*
Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir 11 nýjum lóðum og jafnframt breytist afmörkun svæðisins, lögur og stærðir eldri lóða. Stærðir lóða eru á bilinu 5.770 til 15.038 m². Heildarfjöldi lóða verður 33. Hámarksstærð húsa stækkar úr 100 m² í 200 m² og auk þess verður heimilt að reisa 25 m² smáhýsi á hverri lóð.
Samþykkt í sveitarstjórn 30. ágúst 2005.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingar-
lög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 19. október 2007.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 2. nóvember 2007